



ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/2024
komudagur 19.4.2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Reykjavík 18.apríl 2002.

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, 457. mál.

Efni frumvarps þessa er í samræmi við samning Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um lífeyrismál sem síðast var endurnýjaður 12.12 1995. Samþykktir almennra lífeyrissjóða aðildarféлага ASÍ eru í samræmi við hann.

Sátt er milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda um lífeyrismál. Séu þessir aðilar sammála því að lögum nr. 129/1997 verði breytt í þá veru sem lagt er til í frumvarpinu mælir ASÍ með samþykkt þess en annars ekki.

Virðingarfyllst,
f.h. Alþýðusambands Íslands

Magnús M. Norðdahl hrl.,
deildarstj. Vinnuréttardeildar.

BANDALAG STARFSMANNA RÍKIS OG BÆJA



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1586
komudagur 3.4.2002

Reykjavík, 2. apríl 2002

BSRB hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 457. mál, barnalífeyrir.

BSRB styður þær réttarbætur sem lagðar eru til með frumvarpinu og mælir með samþykkt þess.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða varðandi frumvarp til laga um um breytingar á 17. grein laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 457. mál, barnalífeyrir.

Í tilefni þessa frumvarps vilja Landssamtök lífeyrissjóða taka fram eftirfarandi:

Bótaákvæði 14. – 17. gr.laga nr. 129/1997 eru lágmarksákvæði og geta lífeyrissjóðir því veitt betri réttindi eftir því sem fjárhagsgrundvöllur þeirra leyfa. Kemur þetta glögglega fram í mismunandi bótaákvæðum í samþykktum sjóðanna.

Við samningu frumvarps til ofangreindra laga var í meginráttum litið til samkomulags Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 12. desember 1995. Virðist eðlilegt að löggjafinn hafi hliðsjón af sjónarmiðum aðila vinnumarkaðarins við lagasetningu um þau lágmarksréttindi, sem launþegum skuli tryggð með aðild að lífeyrissjóðum.

Í umræddu samkomulagi aðila vinnumarkaðarins komu fram það sjónarmið, að réttur til lífeyris vegna örorku sjóðfélaga skyldi miðast við aðstæður sjóðfélagans á þeim tíma er orkutap á sér stað, enda virðist eðlilegra að ráðstafanir vegna breytinga á högum sem síðar verða, séu fremur í verkahring almennatrygginga og skattkerfis en tryggingakerfis lífeyrissjóða. Þetta sjónarmið skal sérstaklega áréttað.


Um réttindi þaun sem menn ávinna sér í lífeyrissjóðum gildir sú meginregla, að þau fara eftir þeim iðgjaldafjárhæðum sem sjóðfélagi greiðir. Réttur til barnalífeyris er hér undantekning, þar sem lífeyririnn er föst fjárhæð og fer að litlu leyti eftir því, hverjar iðgjaldagreiðslur sjóðfélagsans hafa verið.

Með hliðsjón af ofanrituðu leggja Landssamtök lífeyrissjóða því til að umrætt frumvarp verði ekki samþykkt.

Að lokum vilja samtökin taka fram að það er misskilningur sem fram kemur í greinargerð með frumvarpi því sem hér um ræðir, að einstök bótaákvæði spari lífeyrissjóðum fjármuni. Bótaákvæðin endurspeglu stefnu einstakra sjóða með tilliti til, hvernig þeir kjósa að skipta fjármunum sínum milli einskakra bótategunda innan þeirra marka sem þeim eru sett með ákvæðum laganna um lágmarksréttindi. Dugi fjármunir þeirra fyrir meiru en skuldbindingum, njóta sjóðfélagar þess í formi réttindaaukningar samkvæmt 2. mgr. 39. gr. laganna.

Virðingarfyllst,

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA



Alþingi
Erindi nr. Þ 127/1057
komudagur 5.4.2002

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík, 3. apríl 2002
ÁPS/KSG/025/02

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 127/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, 457. mál

Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 18. mars 2002, þar sem óskað er eftir umsögn Tryggingastofnunar ríkisins um ofangreint frumvarp.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarps til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Þó skal athygli vakin á því að ekki er greiddur barnalífeyrir með stjúpbörnum skv. 14. gr. laga nr. 117/1993, um almannatryggingar, þar sem ekki er greiddur barnalífeyrir vegna fráfalls eða örorku stjúpfóreltris ef barnið á framfærsluskylt foreldri á lífi.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. P 127/1878
komudagur 11.4.2002

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur, nefndarritara
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík



Reykjavík, 11. apríl, 2002.

Efni: Frv. til l. um br. á l. nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda (457. mál).

Verslunarráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp. Með vísan til eðli trygginga er Verslunarráð ósammála þeim hugmyndum sem frumvarpið byggir á.

Virðingarfyllst,
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Ásthildur Andersen.